

# KIRKJUGARÐARÁÐ

## 83. fundur haldinn 8. nóvember 2010 í fundarsal Biskupsstofu.

---

**Mætt voru:** Ragnhildur Benediktsdóttir formaður, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs, Smári Sigurðsson, Þórsteinn Ragnarsson, Valtýr Valtýsson, Sigurgeir Skúlason og Kristín Huld Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

**Gestir fundarins voru:** Herra Karl Sigurbjörnsson biskup, Guðmundur Þór Guðmundsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs, sr. Kristján Valur Ingólfsson, Pétur Ármannsson og Árni Kjartansson, arkitektar, og Ásgeir Harðarson sóknarnefndarformaður í Brautarholtskirkju.

### 1. Setning fundar og fundargerð síðasta fundar

Fundur settur kl. 13.20 og fundargerð síðasta fundar samþykkt eftir minniháttar lagfæringar.

### 2. Verk í vinnslu

Sigurgeir og Guðmundur Rafn gerðu grein fyrir nokkrum verkefnum sem unnið hefur verið að undanfarið.

- A. Á Hjalla í Ölfusi urðu jarðskjálftaskemmdir á kirkjugarðsveggjum. Búið er að bjóða út endurhleðslu.
- B. Siglufjörður, unnið að lagfæringum þar.
- C. Kirkjugarðurinn á Höfn í Hornafirði. Guðmundur Rafn fer austur á næstunni til að kanna stækkunarmál kirkjugarðsins.
- D. Stóri-Núpur. Guðmundur Rafn hefur verið á fundi með sveitarstjórn þar. Farið var yfir endanlegt uppgjör og framlag sveitarstjórnar til verkefnisins.
- E. Unnið er að viðgerð á umgjörð kirkjugarðsins á Þingvöllum, sveitarstjórn Bláskógarbyggðar mun styrkja verkið.
- F. Í tengslum við vinnu á Hjalla á Ölfusi vildi sóknarnefndin ekki fara í verkið fyrr en búið væri að afmarka lóð umhverfis garðinn. Sigurgeir vann það verk.
- G. Sigurgeir hefur unnið í Stafholti í Borgarfirði. Hann hefur gert kort af garðinum þar. Þar er áhugi á að búa til skilti.
- H. Sigurgeir hefur verið að vinna kort yfir garðinn í Þingmúla í Skriðdal.
- I. Sigurgeir hefur verið að vinna að skilti fyrir Ingjaldshól.

### 3. Reglur um hver megi setja upp minnismarki á leiði látinna

Biskup vakti athygli á að það hafa komið upp mál þar sem vinir hins látna hafa sett upp minnismarki án vitundar aðstandenda viðkomandi. Rétt væri að setja í reglur hver megi setja upp minnismarki og hvernig slíkt ferli ætti að vera.

Biskup skýrði frá því að hann hefði hitt dómsmála- og mannréttindaráðherra og rætt m.a. fyrirhugaða breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr.

36/1993. Formanni var falið að ræða við skrifstofustjóra lagaskrifstofu dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins til að kanna stöðu frumvarpsins.

#### 4. Frágangur á fundargerðum Kirkjugarðaráðs

Rætt um frágang fundargerða.

#### 5. Breytingar á starfshlutfalli Sigurgeirs Skúlasonar

Sigurgeir upplýsti að honum hefði verið sagt upp 25% starfi hjá Kirkjuráði/ Jöfnunarsjóði sókna frá 1. desember 2010 með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Kirkjugarðaráð mun hækka starfshlutfall hans hjá ráðinu sem því nemur. Kirkjuráð mun kaupa vinnu af Kirkjugarðaráði við mælingar og kortagerð.

Framkvæmdastjóra var falið að kanna þörf Kirkjuráðs á því starfi, svo og hvort fyrir liggja aukin verkefni hjá Kirkjugarðaráði. Formaður mun senda erindi til fasteignanefndar til að fá upplýsingar um það hver talin sé þörf á vinnu við mælingu og kortagerð á næstunni.

#### 6. Þjónustuhús við kirkjugarðinn í Brautarholti á Kjalarnesi

Ásgeir Harðarson, Árni Kjartansson og Pétur Ármannsson kynntu hugmyndir um nýtt þjónustuhús við kirkjugarðinn í Brautarholti á Kjalarnesi. Guðmundur Þór Guðmundsson sat fundinn undir þessum lið.

Óskað er eftir að byggja þar aðstöðuhús og snyrtingu. Þeir munu senda erindi varðandi málið til fasteignanefndar kirkjunnar og eins til Fornleifaverndar ríkisins.

#### 7. Bréf vegna minningargarðs á Flateyri

Lagt fram til kynningar erindi frá stjórn minningargarðs Flateyrar. Málinu frestað.

#### 8. Næsti fundur

Næsti fundur verður 13. desember kl. 15:00.

#### 9. Önnur mál

Kristján Valur Ingólfsson kom og vakti athygli á að eftirlit með jarðsetningu duftkera væri ekki nógu markvisst. Það er enginn sem sendir tilkynningu til Þjóðskrár um að jarðsetning duftkers hafi farið fram. Skrá þurfi í prestsþjónustubækur að dreifingin hafi farið fram. Prestarnir viti ekki alltaf að hafi verið jarðað eða dreift.

Þórsteinn mun senda Kristjáni Vali eyðublaðið sem fylgir með þegar duftker er afhent. Farið verður almennt yfir málið og prestum sendar verklagsreglur.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 16:00.

---

Ragnhildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Kristín Huld Sigurðardóttir,  
ritari